


## FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

7. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn miðvikudaginn 16. ágúst 2023 kl. 16.15 í sal Búðarstígs 22 á Eyrarbakka. Fundinn sátu Sandra Sigurðardóttir formaður, Þórhlíður Dröfn Ingvadóttir varaformaður og Árni Eiríksson ritari. Fundinn sat einnig Lýður Pálsson safnstjóri sem skrifandi fundargerð. Fundargerðin var færð í tölvu.



BYGGÐASAFN  
ÁRNEsinga

**1. Samningar.** Lagður var fram listi yfir samþykktir, samkomulög, þjónustusamninga og aðra samninga sem starfsemi Byggðasafns Árnesinga byggir á. Samþykkt að fela safnstjóra að gera drög að nýjum þjónustusamningi milli Árborgar og safnsins um rekstur Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka.

**2. Samningar vegna komu hópa.** Safnstjóri hefur í samtölum við stjórnarmenn í sumar tjáð þörf þess að gera við þá aðila sem koma ört með gestahópa í safnið samninga um verð og umgengi við safnið. Umfangið er misjafnt eftir hópum og stundum mikið. Stjórn safnsins samþykkir að allir hópar skuli sitja við sama borð varðandi aðgangseyri að safninu. Stjórn safnsins samþykkir að fela safnstjóra að gera form að samningum við þessa aðila og miða við verðskrá Byggðasafns Árnesinga með hefðbundum afslætti og þóknun. Einnig skal fjallað um umgengni við safnið í samræmi við leiðbeiningar þjóðminjasafns Íslands um umhirðu húsa í húsasafni þjóðminjasafns Íslands.

**3. Bréf frá skipulagsfulltrúa Árborgar.** Bréfið er dagsett 19.6.2023. Eigendur Nesbrúar 1 hafa óskað eftir stækkun lóðar sinnar á kostnað nyrsta hluta lóðar Búðarstígs 22. Skipulagsfulltrúi óskar eftir umsögn og samþykki stjórnar Byggðasafns Árnesinga. Stjórn Byggðasafns Árnesinga hafnar þessari ósk þar sem þetta mun koma í veg fyrir framtíðaruppgörgingu safnsins til langa tíma.

**4. Þjóðminjasafn Íslands.** Safnstjóri greindi frá fundi sem hann átti með stjórnendum Þjóðminjasafns Íslands sl. vetrur. Rætt var um leiguþúsnaðið í Búðarstíg 22, margvísleg samskipti vegna Hússins á Eyrarbakka og ósk safnsins um aðkomu Byggðasafns Árnesinga að húsinu Eyri á Eyrarbakka sem er nú orðinn hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands en þarfnað viðgerða. Fundurinn var góður og upplýsandi fyrir báða aðila en engar ákvarðanir voru teknar.

**5. Rekstur safnsins.** Rætt var um sex mánaða uppgjör fyrrihluta ársins. Með nýjum kjarasamningum er á brattan að sækja og telur stjórn safnsins að taka verði upp rekstraráætlun 2023 til endurskoðunar og afgreiðslu á haustfundí Héraðsnefndar Árnesinga. Stjórn safnsins felur safnstjóra að uppfæra rekstraráætlun 2023 í ljósi nýrra kjarasamninga og reksturs safnsins á árinu. Til að komast á móti við rekstrarstöðu safnsins er samþykkt að fresta málun Assistentahússins til næsta vors.

**6. Starfsemin.** Safnstjóri sagði frá starfinu. Sumarstarfið gengur vel og söfnin opin upp á gátt alla daga. Fagmenntaðir starfsmenn safnsins unnu að nýrri heimasiðu og jafnframt verið að leggja drög að nýjum kynningarbæklingi sem prentaður verður í janúarbyrjun næsta árs. Unnið er að verkefnum eins og nýskráningu, markaðsstarfi og gerð fræðsluverkefna. Afgreiðsla Hússins á Eyrarbakka hefur fengið upplýftingu með nýjum skáp fyrir söluvörur. Sýningunni „Konur á Eyrarbakka“ hefur verið frestað til næsta árs en í september opnar í borðstofu sýning þar sem valinn safnkostur Byggðasafns Árnesinga verður í öndvegi.

**7. Næsti fundur.** Safnstjóri er að hefja vinnu við gerð áætlana 2024. Stefnt er að stjórnarfundi þegar áætlanirnar eru tilbúnar til umfjöllunar stjórnar og síðan afgreiðslu haustfundar Héraðsnefndar Árnesinga.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.

Sandra Sigurðardóttir Þórhlíður Ingvarðóttir  
Lára Ólafsson Guðrún Ólafsson

230816stjórnarfundur hjá Byggðasafni Árnesinga nr. 7